

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 349, 25. júní 1996, um loðnuveiðar 1996/1997.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Á loðnuvertíðinni 1996/1997 sbr. 1. gr. er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 1.217.000 lestir af loðnu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist svo:

5.	Innfjarðarækja samtals	9.900 lestir
	þ.a. Eldey	1.000 lestir
	þ.a. Arnarfjörður	700 lestir
	þ.a. Ísafjarðardjúp	2.300 lestir
	þ.a. Húnaflói	2.100 lestir
	þ.a. Skagafjörður	1.500 lestir
	þ.a. Skjálfandi	800 lestir
	þ.a. Öxarfjörður	1.500 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 402, 15. júlí 1996, um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.